

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 31. mars 2017 óverulega breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar - deiliskipulagssvæði A. Breytingin nær yfir lóðina Kjóavöll 4 og felur m.a. í sér: að byggingarreitur sem er syðst á lóðinni er stækkaður og manir felldar niður. Nýtingarhlutfall lóðar er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 3. apríl 2017,

Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2017